

Nd.

492. Nefndarállt

um frv. til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmanuvirkjum o. fl.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allir nefndarmenn hafa orðið sammála um það, að kaupstaðir og kauptún skuli hafa forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum, en minni hlutinn hefir ekki viljað ganga lengra. Meiri hluti nefndarinnar vill taka lóðir þær, er að sjó liggja, með undir forkaupsrjettarheimildina, en hinsvegar ekki ganga eins langt og frv. fer fram á, að láta forkaupsrjettinn ná til lóða allra og landa innan lögsagnarumdæmisins, að undanteknum Hj. V., sem fellur þó frá því til samkomulags.

Meiri hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykkt um það, að áskilja bæjarfjlagi forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum og lóðum þeim, er að sjó liggja, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfjlaginu forkaupsrjett á.

Kauptún, sem er sjerstakt hreppsfjlag, getur einnig gert samþykkt um forkaupsrjett kauptúns á hafnarmannvirkjum og lóðum þeim, er að sjó liggja, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsfjlagi forkaupsrjett á.

Alþingi, 15. mars 1928.

Gunnar Sigurðsson,
form. og frsm.

Hjeðinn Valdimarsson,
fundaskrifari.

Bernh. Stefánsson.